

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 2. apríl 2019 og hófst kl. 15.30. Fundinn sátu Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Brynhildur Þórarinsdóttir. Pröstur Helgason var fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Málræktarþing 2019, framhaldsumræður

Sjá fg. stj. ÍM 3/2019, 1. lið. Rætt var áfram um fyrirhugað málræktarþing 26. september en undirbúningur þess er langt kominn.

### 2. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu, framhaldsumræður

Sjá fg. stj. ÍM 3/2019, 2. lið. Ýmsar hugmyndir reifaðar um væntanlega ályktun ÍM 2019. Ályktunin mun verða kynnt á málræktarþinginu í september.

### 3. Viðurkenningar

Umræður um hverjir skuli hljóta viðurkenningu ÍM árið 2019.

### 4. Leiðbeiningar um frágang greina í Málfrægnum

Ritari kynnti leiðbeiningar sem hann hafði tekið saman um frágang greina sem birtar eru í vefritinu Málfrægnum (<http://islenskan.is/malfregnir>). Farið var yfir leiðbeiningarnar á fundinum.

### 5. Önnur mál

Sagt var frá vel heppnaðri ráðstefnu um stöðu og framtíð íslenskukennslu í skólum landsins sem haldin var 1. apríl. Ráðstefnan, sem bar yfirskriftina *Áfram íslenska*, var skipulögð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er liður í aðgerðum stjórnvalda til þess að styrkja íslensku sem opinbert mál.

Fundi lauk kl. 16.25.

Guðrún Kvaran  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.